



SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

AÐALSKIPULAGSBREYTING Afpreyningar- og ferðamannasvæði á Hellisheiði. Lýsing



STEINSHOLT

4. janúar 2017

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	LÝSING BREYTINGAR	5
3	UMHVERFISÁHRIF	5
4	SAMRÁÐ OG KYNNING	5

Forsíða

Mynd 1 – Í Innstada. Ljósmynd Sigurður Ósmann Jónsson

1 INNGANGUR


Sveitarfélagið vinnur að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða í Innstadal.

Breytingin tekur til uppdráttar og greinargerðar. Í ferli er breyting aðalskipulags þar sem skilgreind eru markmið og leiðir sveitarfélags vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða.

Verslunar- og þjónustusvæði, í mynni Innstadals (V17), er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði. Þá er sett inn nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði í Innstadal en þar er nú þegar skáli, byggður um 1981.

Í aðalskipulagsbreytingu, dags. 13. desember 2016 sem nú er í ferli, er sett fram stefna sveitarfélagsins varðandi afþreyingar- og ferðamannasvæði og er þessi fyrirhugaða breyting í samræmi við þá vinnu.

Lýsing þessi er unnin skv. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um lýsingu á skipulagsverkefni og áherslum sveitarstjórnar. Lýsingin verður afgreidd af sveitarstjórn áður en hún verður kynnt íbúum með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Samhliða því verður hún send Skipulagsstofnun og öðrum aðilum til umsagnar.



Mynd 2. Gildandi aðalskipulag – Rauður rammi afmarkar breytingasvæði. V17 verður afþreyingar- og ferðamannasvæði en nýtt svæði kemur í Innstadal.

2 LÝSING BREYTINGAR

V17 er skálasvæði í mynna Innstadals sem verður breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF2. Á svæðinu eru nú þegar fjórir skálar sem gert er ráð fyrir að verði þar áfram.

Nýtt svæði verður sett inn í Innstadal, AF3. Þar hefur verið skáli um langa hríð, byggður um 1981. Gert er ráð fyrir að skálinn verði endurgerður og þar muni verða aðstaða fyrir göngufólk. Gert er ráð fyrir að skálinn verði víkjandi á skipulagi, verði þörf á svæðinu til annarra nota.

3 UMHVERFISÁHRIF

Áhrif af breytingunni verða mjög takmörkuð. Nú þegar eru byggingar á þessum svæðum og ekki verður um nýjar byggingar að ræða. Eingöngu er verið að uppfæra gildandi aðalskipulag svo unnt sé að skrá byggingar og ganga frá lóðamálum vegna þeirra.

Svæðið liggur innan Hverfisverndarsvæðis H4, þar sem segir að „*Landslag svæðisins einkennist af jarðhita og það er mikilvægt fyrir rannsóknir og fræðslu. Einkennandi eru heitar lækjarsytrur sem eru sérstæðar á landsvísu, enda hafa þær mikið að segja um lífríki hveranna*“.

Metin verða áhrif skálanna á umhverfi og möguleika til útivistar á svæðinu en ætla má að bætt aðstaða auki umferð um svæðið. Einnig mun bætt aðstaða auka öryggi útivistar á svæðinu en hafa ber í huga að ekki er gert ráð fyrir að fjölga byggingum frá því sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir að skálarnir hafi áhrif á umhverfi eða náttúrufar umfram það sem er nú þegar.

4 SAMRÁÐ OG KYNNING

Lýsing aðalskipulagsbreytingarinnar verður auglýst og kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og send Skipulagsstofnun til umsagnar í samræmi við 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hún verður auk þess send Umhverfisstofnun, Orkuveitu Reykjavíkur og Grímsnes- og Grafningshreppi o.fl. samhliða kynningu.

Gert er ráð fyrir að kynna tillögu að breyttu aðalskipulagi í febrúar og að tillagan verði auglýst í mars / apríl.

Stefnt er að því að breytt aðalskipulag verði auglýst í Stjórnartíðindum vorið 2017.